

Nd. 1264. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [491. mál]

í málinu: Frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Þar sem frv. þetta

- er að meiri hluta til samið af alþingismönnum sem hafa beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta af lögfestingu þess,
- hefur ekki fengið þinglega meðferð, er m. a. órætt í landbúnaðarnefnd og fékkst ekki sent til umsagnar aðila sem geta beðið alvarlegt fjárhagslegt tjón af lögfestingu þess,
- byggir ekki á neinni fræðilegri könnun á fjárhagslegum áhrifum þess á kjör bænda, neytenda, skattgreiðenda, ríkissjóðs né þjóðarbús,
- byggir á úreltum stjórnsýsluhugmyndum frá 18. öld um ríkisforsjá, einokunarverðmyndun, miðstýringu, valdboð og þvinganir sem ganga í berhögg við stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi,
- lokar síðustu smugum sem eftir eru fyrir frjálsa menn við landbúnaðarstörf og gerir þá að þrælum Framleiðsluráðs og ráðuneytis,
- útilokar samkeppni framleiðenda um verð og gæði og afnemur þar með alla hvatningu til að halda tilkostnaði í skefjum og lækka verð og stuðlar þannig að rekstrarlegu ábyrgðarleysi og of fjárfestingu vinnslu- og dreifingaraðila,
- felur í sér hóflausa skattlagningu á búgreinar, sem miðstjórnarkerfinu eru vanþókn-anlegar, og mismunar því einstaklingum fyrir lögum,
- tryggir bændum ekki staðgreiðslu afurða sinna en mun að öllum líkindum hækka verulega allan tilkostnað við framleiðslu, vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða og þar með „útflutningsbótapörf“ á næstu árum,
- slær á frest löngu tímabærum uppskurði á úreltu, rándýru, óhagkvæmu og ranglátu ofstjórnar- og milliliðakerfi í landbúnaði sem hefur neytendur jafnt sem bændur að féþúfu,
- mun kosta þjóðina marga milljarða króna á ári hverju verði það að lögum telur Alþingi frv. þetta sjálfu sér til vansa, bændum, neytendum, skattgreiðendum, ríkissjóði og þjóðarbúinu til skaða og vísar því málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.